

Alþingi  
Umhverfis og samgöngunefnd  
[nefnasvid@altingi.is](mailto:nefnasvid@altingi.is)

Ísafirði 28. febrúar 2022

*Umsögn; tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, 332. mál, 152. löggjafarþing.*

Mál þetta kemur nú að nýju til umsagnar með vísan til máls 370 á 151. löggjafarþingi. Hvað varðar virkjunarkosti á Vestfjörðum er efni þess óbreytt og í raun óbreytt frá því málið var fyrst lagt fram árið 2016.

Í framsögu ráðherra um málið að þessu sinni og framsögu fulltrúa ríkisstjórnarflokka var lögð áhersla á ákvæði nýs ríkisstjórnarsáttmála að stefnt sé að „Fjölgun virkjanakosta í biðflokki“. Jafnframt segir í ríkisstjórnarsáttmála að stefnt sé að endurskoðun laga um vernd og orkunýtingu landssvæða og sett verði sérstök lög um nýtingu vindorku. Álíka markmið voru einnig sett í tíð síðustu ríkisstjórnar en fengu ekki afgreiðslu, en með því að taka þau upp að nýju er ásetningur ríkisstjórnar ítrekaður.

Staða raforkukerfis á Vestfjörðum sker sig mjög frá öðrum landshlutum og með þingsályktun 26/2018 um flutningskerfi raforku, samþykkti Alþingi m.a. að setja endurbætur raforkukerfis á Vestfjörðum í forgang. Í ítarlegri umsögn Fjórðungssambandsins um þingsályktunina á síðasta þingi (370. mál/151), var lýst þeim langtíma áhrifum sem flutningskerfi raforku og skortur á raforku hafa og hafa haft á samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum. Fylgir þessi umsögn með í viðauka B.

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið var október 2021, ályktaði að nýju um orkumál á Vestfjörðum, þar er lögð rík áhersla á að flýta vinnu starfshópsins enda liggja fyrir víðtækar greiningar og útfærslur á lausnum í orkumálum á Vestfjörðum. Efling atvinnulífs og orkuskipti geta verið í hættu ef ekki eru teknar stefnumarkandi ákvarðanir á þessu ári. Eins er þess krafist að leysa þær hindranir sem uppbygging vindorkuvera stendur nú frammi fyrir. Fylgir þessi ályktun með í viðauka A.

Iðnaðarráðherra ákvað síðan á síðasta ári m.a. með vísunar til ályktunar Alþingis og áherslum sveitarfélaga á Vestfjörðum, að setja á laggirnar *starfshóp um orkumál á Vestfjörðum*. Er starfshópum ætlað að kanna hvaða leiðir eru færar til að þoka málum á sviði orkumála á Vestfjörðum í rétta átt. Yrði það gert með samstilltu átaki, í samræmi við áherslur stjórnarvald úr orkustefnu, nýsköpunarstefnu, byggðastefnu og stefnu stjórnarvald um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Eins segir að vinnan skuli vera liður í að ný atvinnutækifæri á svæðinu geti orði að veruleika og styðja við orkuskipti á svæðinu. Vinna starfshópsins er að komast á lokastig þessar vikurnar og hefur nýr ráðherra umhverfis, orku og loftlags verið upplýstur um stöðu á vinnu starfshópsins.

Að því gefnu að tillögur starfshóps ráðherra fyrir Vestfirði séu í samræmi við ályktanir Fjórðungspings Vestfirðinga, þá leggur stjórn Fjórðungssambandsins ríka áherslu á að afgreiðsla Alþingis á þingsályktun um vernd og orkunýtingu landssvæða séu í takt við þær tillögur.

Hér hefur lykiláhrif hvernig Alþingi mun nálgast úrlausn á markmiðum í ríkisstjórnarsáttmála, sem lýst er hér í upphafi umsagnarinnar, þ.e. áhersla á virkjanir í biðflokki, málefni vindorku og endurskoðun laga um vernd og orkunýtingu landssvæða. Fyrir Vestfirði verður að fást afgerandi niðurstaða með þá virkjanakosti sem unnið hefur verið að á Vestfjörðum á síðustu árum og hvort taka eigi nýjar hugmyndir inn til skoðunar. Krafan er að fá virkjanakosti setta í orkunýtingarflokk, jafnt vatnsaflsvirkjanir sem og vindorkuver, því þessir virkjanakostir eru lykilþáttur í hvernig standa á að uppbyggingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Óskar stjórn Fjórðungssambandsins eftir nánu samstarfi við umhverfis og samgöngunefnd Alþingis við umfjöllun og afgreiðslu málsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur einnig ásamt öðrum landshlutasamtökum lýst afstöðu og tekið saman upplýsingar um raforkukerfi síns landshluta, fyrir starfshóp umhverfis, orku og loftlagsráðherra *um gerð grænbókar um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum*. Fjórðungssambandið í samstarfi við orkuskiptaverkefnið Bláma, sendi starfshópnum yfirlit um virkjanakosti á Vestfjörðum og mat á eftirspurn eftir raforku á Vestfjörðum. Áætlað er að eftirspurn á Vestfjörðum muni aukast um 100 % til ársins 2035, yfirlitið er í *viðauka C*. Mikilvægt er að afrakstur af vinnu grænbókar sé tekin inn í afgreiðslu umhverfis og samgöngunefndar Alþingis í afgreiðslu áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Að lokum ber að minna á þá stöðu sem komin er varðandi afhendingu á skerðanlegri orku til húshitunar og til fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum. Þessi staða er til áminningar um mikilvægi úrlausna í orkumálum á Vestfjörðum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

*Viðauki.*

- A. Hér er lögð fram ályktun 66. Fjórðungspings Vestfirðinga og umsögn um sama mál á 151. lögjafarþingi, þar sem lýst er ítralega stöðu orkukerfisins á Vestfjörðum gagnvart samfélagi og atvinnulífi, auk tengla á margvísleg gögn tengdu málinu:

### **Ályktun 66. Fjórðungspings Vestfirðinga um orkumál á Vestfjörðum:**

66. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 hvetur iðnaðarráðherra að beina því til starfshóps ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, að hraða störfum og setja sér markmið um að skila niðurstöðu á fyrri hluta árs 2022.

Alþingi samþykkti árið 2018 að Vestfirðir verði í forgangi varðandi raforkumálum samkvæmt þingsályktun um afhendingaröryggi raforku. Eins eru sett að markmiði að flutningskerfi raforku verði hringtengt í hverjum landshluta fyrir lok árs 2030 og öll byggðarlög fyrir lok árs 2040. Iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi í febrúar 2021 ný stefnuskipti stjórnvalda um orkumál á Íslandi. Þar eru sett fram markmið sem eiga að stuðlað jöfnun samkeppnisstöðu landshluta um aðgengi og afhendingaröryggi raforku.

Uppbygging atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum hefur gengið hratt fyrir sig á undanförunum árum auk þess sem ný markmið hafa verið sett um að hraða orkuskiptum. Markmið stjórnvalda í orkustefnu styðja við þessa þróun en ekki hafa verið settar fram tímasett verkefni til að ná því markmiði á Vestfjörðum. Að óbreyttu mun þessi staða nær stöðva framþróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Ítarlegar greiningar um afhendingaröryggi raforku og stöðu orkumála samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum er að finna í skýrslum starfshópa iðnaðarráðherra allt frá árinu 2011. Eins liggja fyrir greiningar og drög að tillögum til úrlausnar um hið sama, í skýrslum Landsnets og í Kerfisáætlunum Landsnets á síðustu árum, auk umsagna Fjórðungssambands Vestfirðinga og fleiri aðila um þær áætlanir. Um er að ræða tillögur um tvöföldun Vesturlínu og stuðla eigi að uppbyggingu nýrra vatnsaflsvirkjana. Fjórðungsping Vestfirðinga skora því á iðnaðarráðherra að nýr starfshópur ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, nýti þau gögn sem liggja nú þegar fyrir og skili tillögu um tímasett verkefni á fyrri hluta árs 2022.

Fjórðungsping fagnar öllum aðgerðum sem lúta að því að auka raforkuöryggi og framleiðslu á Vestfjörðum. Þá fagnar þingið þeim áhuga sem vindorkuframleiðendur hafa sýnt svæðinu.

Fyrir liggur skýrsla verkefnisstjórnar 4. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða frá því í mars 2021. Skýrslan gerir m.a. ráð fyrir vindorkugarði í Garpsdal í nýtingarflokk, en undirbúningur er langt kominn. Skipulagsstofnun hefur ekki samþykkt skipulagstillögur um vindorkugarða vegna skorts á lagaheimildum um vindorku að mati stofnunar.

Mikilvægt er að finna vindorku framtíðar farveg innan verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun). Eða leita annarra lausna er nýtingu vindorku til að leysa úr þeirri pattstöðu sem rammaáætlun er í.

**B. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál, 151. löggjafarþing. [370 151 thingsaalyktun vernd og orkunýting -rammaaetlun-.pdf \(vestfirdir.is\)](#)**

**C. Yfirlit um virkjanakosti á Vestfjörðum og áætlaða eftirspurn til 2035 (sjá viðhengi)**